


HVAR BYRJAÐI ÞETTA ALLT SAMAN?



Allt á sér upphaf. Einhvers staðar frá kom þetta litla sterka tungumál sem rétt riflega 300 þúsund jarðarbúar hér við ysta haf eiga sér að móðurmáli. Ef við leitum að elstu ummerkjum íslenskunnar getum við samt ekki séð lengra aftur en 1800 ár.


Elstu menjar um rætur þess eru stórir steinar, sem hafa fundist um alla Skandinavíu, með rúnaristum á því sem er kallað *frum-norræna*. Hún er rótin að öllum norrænum málum. Þannig vitum við að frumnorræna var töluð á 3. öld og eitthvað fram eftir. Í kringum árið 800 urðu hins vegar miklar umbreytingar og hreyfing komst á hlutina. Þá gekk í garð mikið góðæri á Norðurlöndum og fólki fjölgaði ógnarhratt. Það fór að verða þröngt um menn og þeir fóru þess vegna að leggja undir sig svæði í nálægum löndum, til dæmis um allar Bretlandseyjar og á Íslandi, og fluttu auðvitað með sér norræna tungumálið. Þeir héldu reyndar ekki lengi völdum á Bretlandseyjum heldur blönduðust smám saman þeim íbúum sem fyrir voru eða hrökkluðust frá. Norrænt mál, nefnt *norn*, var þó talað á Orkneyjum og Hjaltlandi langt fram eftir öldum.

TUNGUMÁLIÐ NORN

Norræna tungumálið *norn* var talað á miðöldum á Katanesi í Norður-Skotlandi, á Hjaltlandi og í Orkneyjum. Á 18. öld hafði það vikið að fullu fyrir skosku og hefur einungis varðveist að litlu leyti.

FADIR VOR Á HJALTLENSKU NORN:

Fy vor or er i Chimeri. Halaght vara nam dit.
La Konungdum din cumma.
La vill din vera guerde
i vrildin sinda eri chimeri.
Gav vus dagh u dagloght brau.
Forgive sindorwara
sin vi forgiva gem ao sinda gainst wus.
Lia wus ekè o vera tempa,
but delivra wus fro adlu idlu.
For do i ir Kongungdum, u puri, u glori, Amen.



NORRÆN ORÐ Í ENSKU

Að minnsta kosti þúsund orð úr norrænu má enn finna í ensku, til dæmis:

húsbóndi → husband

knífr → knife

kaka → cake

félagi → fellow

Orð sem byrja á **sk-** í ensku eru flest úr norrænu:

ský → sky

skinn → skin

Norræn orð eru einnig á við og dreif í staðbundnum mállyskum á Bretlandseyjum.

FÓLK FLYKKIST TIL ÍSLANDS

Meiri háttar fólksflutningar til Íslands áttu sér stað einmitt á þessum tíma. Þeir náðu hámarki milli 870 og 930 en þá hafa líklega búið hér um 60 þúsund manns sem dreifðust um allt landið. Flestir landnámsmenn komu frá suðvesturhluta Noregs, af Hörðalandi, úr Sogni og Fjörðum, en margir komu líka úr byggðum norrænna manna á Bretlandseyjum, einkum skosku eyjunum og Írlandi. Fyrstu íbúar landsins voru því bæði af norrænum og írskum/skoskum uppruna (nefndir *gelískir*) og fluttu með sér menningu og tungumál heimaslóðanna. Fjöldi landnámsmanna hafði sótt sér konur til Írlands og víðar af norðanverðum Bretlandseyjum, og gera má ráð fyrir að þaðan hafi einnig komið flestir þeir þrælur sem hingað voru fluttir með norrænum húsbændum sínum.



Hér hefur verið mjög líflegt innflytjendasamfélag alls konar fólks. Hlutföllin eru nokkuð á reiki því að við vitum ekki fyrir víst hversu margir Írar og Skotar komu hingað, ýmist sem konur landnámsmanna eða þrælar. Nýjar erfðarannsóknir benda þó til þess að þetta hafi verið töluverður fjöldi. Þær sýna að 63% af kvenleggjum Íslendinga og 20% karleggja megi rekja til Bretlandseyja. Að auki höfðu mörg þeirra sem áttu ættir að rekja til Noregs alist upp á blönduðum menningarsvæðum á Írlandi og Bretlandseyjum áður en haldið var til Íslands. Málið sem hér var talað var kallað norræna eða norsk/dönsk tunga, og hefur væntanlega fyrstu áratuginu verið einhver blanda af norrænum mállýskum.

ÍSLENSKA VERÐUR TIL

Íslenska og norska urðu ekki aðgreind tungumál fyrr en á 14. öld. Við sjáum á elstu handritunum okkar að á miðri 12. öld var munur þeirra mjög lítill. Þó hafði íslenskan varðveitt nokkur einkenni sem norskan hafði glatað, til dæmis **h** á undan **l**, **n** og **r** í orðum eins og *hlutr*, *hnefi* og *hringr*. Á 13. öld jókst munurinn enn frekar og um miðja 14. öld höfðu þessar mállýskur aðgreinst svo mikið að hægt er að tala um tvö ólík tungumál, íslensku og norsku.

ÍRSKA PRINSESSAN

Laxdæla saga segir frá írsku prinsessunni Melkorku sem var flutt hingað ánauðug. Á Íslandi kennir hún syni sínum Ólafi þáa írsku án þess að menn verði varir við, og sendir hann síðan til Írlands að hitta konungborna ættingja sína.



HVERS VEGNA BLANDAÐIST MÁLIÐ EKKI?

Þótt hér hafi verið margt fólk af gelískum uppruna við landnám sjást lítil merki um það í tungumálinu. Gelísk tökuorð eru til dæmis afar fá. Þetta hefur verið skýrt með því að þeir karlar sem stýrðu þjóðfélaginu og hinu opinbera lífi töluðu norrænu. Við þær aðstæður var eðlilegt að norrænt mál yrði tungumál íbúanna. Gelísku þrælarnir fluttu fáa muni með sér, þeir fengu ekki að halda nöfnum sínum og komu ekki með neina tækni til landsins sem réttlætti gelísk tökuorð. Þótt þær konur sem fluttar voru frá Bretlandseyjum hafi verið margar var valdið í höndum karlmannanna.

Samt kunna menningarleg áhrif þessa fólks að hafa verið töluverð á andlega sviðinu og eitthvað hljóta norrænir menn að hafa lært af þessum þjóðum þegar þeir bjuggu á þeirra heimaslóðum. Löngu áður en Ísland byggðist höfðu Írar og Skotar til dæmis sérstaka skáldaskóla og atvinnuhirðskáld hjá stórmönnum, og þar var afar rík sagnahefð. Þess vegna velta menn nú fyrir sér hvort gelísk menningaráhrif hafi haft eitthvað að segja um að á Íslandi þróaðist lífleg bókmenning og sagnamennska umfram það sem gerðist annars staðar á þessum tíma.

GELÍSK TÖKUORÐ Í ÍSLENSKU

brekán → ábreiða


fjalaköttur → músagildra

jaðrakan → fuglsheiti

kapall → hestur (sbr. kaplamjólk)

kró → afgirt hól í fjárhúsi

tarfur → naut eða boli



Brjánn

Daði

Kjartan

Kormákur

Melkorka

Njáll

Patrekur

GELÍSK MANNANÖFN

Scheda Ara prestsfróða

flendiga þor gozpa er fyrst þv
 scopom orum þorlaki or Katli. Or
 fondaþ bēfi þeim or Semundi þ. En
 meþ þvi at þeim licafi þvi at hafa efa þar vifur
 þuka þa Scrifada er þesa Of et sama far. fyr
 utan antav tolo or dugja em. Or iore þvi er
 mer varþ seðan eugara or nu er gek sagt a
 þesi ena þeki. En hvarki es nysagt es i frofo
 þesom þa er sevlit at hafa þat haldyr or þar
 ara reynir

na in
 uterq

Hic p-ria
 di t-ria
 cap-ula
 in d-cto

6. Alfolan hvitbein vpp lendiga dugr
 Sonr Olafs Tretelgio Svía dugr vas
 faper aistemt fretz þa þv haldanar
 ens milda or eni matar illa. f. Sofropar vei
 þi dugr. f. haldanar eni svartar f. havalldz eni
 Marfagna et fveste varþ þes hons einn dugr
 at ollom rorvegi

In hoc codice stinent capitula

ka Iffanz bysk. I. fra latinis monis^m
 II. or laga setning. fra Alþingi setning
 III. fra misern tali III. fra fior þonga
 Deillo V. fra Stenlantz bysk. VI. fra þvi er

En

ni þv

þesa

alluot. iore

þi þar ger

ena þeiri
tröðum

reynir

hvitbein

to þv

Uasþre

havalldz

setning

miss

Fyrsta síða Íslendingabókar, sennilega elsta sagnarits sem skrifað er á norrænu. Þetta er pappírshandrit skrifað um miðja 17. öld af Jóni Erlendssyni, presti í Villingaholti, eftir gömlu handriti frá því um 1200 sem nú er glatað.

HVAÐ STENDUR Á FYRSTU SÍÐUNNI?

LÍNU FYRIR LÍNU:

Schedæ [minninggreinar] Ara prests fróða

Íslendingabók gerdá ek fyrst by
skupum órum, Þorláki ok Katli, ok
sýndak bæði þeim ok Sæmundi presti. En
með því at þeim líkaði svá at hafa eða þar viðr
auka, þá skrifaða ek þessa of et sama far fyr
útan áttartölu ok konunga ævi ok jókk því es
mér varð síðan kunnara ok nú es gerr sagt á
þessi en á þeirri. En hvatki es missagt es í

fræðum

þessum, þá es skylt at hafa þat heldr, es sann
ara reynisk.

Halfdan hvítbeinn Upplendingakonungr,
sonr Óláfs trételgju Svíakonungs, vas
faðir Eysteins frets, föður Halfdanar
ens milda ok ens matarilla, föður Goðrøðar vei
ðikonungs, föður Halfdanar ens svarta, föður

Haralds ens

hárfagra, es fyrstr varð þess kyns einn
konungr

at öllum Norvegi.

In hoc codice continentur capitula: [Í þessari
bók eru (þessir) kapitular:]


Frá Íslands byggð I. Frá landnámsmönnum

II. ok lagasetning. Frá alþingissetning

III. Frá misseristali IIII. Frá fjórðunga

deild V. Frá Grænlands byggð VI. Frá því, es

[á næstu síðu: kristni kom á Ísland VII.]



Orðin geysir og saga eru einu tökuorðin í erlendum
tungumálum sem rakin eru til íslensku.

FYRSTA BÓKIN Á ÍSLENSKU

Á fornnorrænu máli eru til miklar bókmenntir sem fyrst og fremst eru verk Íslendinga – íslensku miðaldabókmenntirnar á móðurmálinu eru langtum fjölbreyttari og áhrifameiri en þær bókmenntir sem til eru frá sama tíma á öllum hinum norrænu málunum samanlagt. Þegar menn fóru að skrifa á norrænu/íslensku lentu þeir í vandræðum. Hvernig átti að tákna hljóðin í tungumálinu og skrifa þau niður? Það var ekkert fast kerfi til þótt menn þekktu og notaðu rúnir. Fræðimenn skrifuðu allt sitt á latínu sem var tungumál þeirrar bókmenningar sem barst hingað með kristni. Í *Fyrstu málfræðiritgerðinni*, sem er skrifuð á síðari hluta 12. aldar, reynir óþekktur fræðingur að ná utan um þetta skipulag, ákvarða hvernig sé best að tákna þau hljóð sem til eru í íslensku og laga latneska stafrófið að hljóðkerfi íslensku. Eins og gefur að skilja er þetta ómetanleg heimild fyrir okkur nútímafólk um það sem menn voru að glíma við á þessum tíma.

Íslendingabók Ara fróða er sennilega elsta sagnarit skrifað á norrænu. Hún er rituð milli 1122 og 1133 og Ari var því með fyrstu norrænu mönnum til að rita á móðurmálinu. Upprunalega handritið er því miður ekki til en bókin er til í nokkrum uppskriftum frá síðari öldum. Elsta varðveitta handritið er pappírshandrit frá 17. öld.

Íslendingabók er örstutt, tæplega 4000 orð. Sumar setningarnar eru nokkuð langar og flóknar, og orðaröðin ber keim af latínu. Kannski er stíllinn svolítið stíður og ekkert skritið við það því að Ari hefur ekki haft neina fyrirmynd. Þarna var hann að skrifa fyrstu „bókina“ á tungumáli sem ekki átti sér neina rithefð.

Og hvað var hann svo að skrifa? Í *Íslendingabók* er sögð saga þjóðarinnar frá landnámi að ritunartímanum, sagt frá pöpum, landnámi, stofnun alþingis, kristnitökunni og landnámi á Grænlandi, og tímatalið skorðað með vísun í þekkta atburði og líftíma frægra manna. Ari rekur heimildamenn sína en sá elsti var fæddur árið 995 og því aðeins 72 árum eldri en Ari sjálfur.

ÚR FYRSTU MÁLFRÆÐIRITGERÐINNI SKILUR ÞÚ TEXTA FRÁ 12. ÖLD?

„Í flestum löndum setja menn á bækur annað tveggja þann fróðleik er þar innan lands hefir gjörst – eða þann annan er minnisamlegastur þykir þó að annars staðar hafi heldur gjörst – eða lög sín setja menn á bækur hver þjóð á sína tungu. En af því að tungurnar eru ólíkar hver annarri [...] hefi ég og ritað oss Íslendingum stafróf, bæði latinustöfum öllum þeim er mér þótti gegna til vors máls vel, svo að rétttræðir mættu verða, og þeim öðrum er mér þótti í þurfa að vera, en úr voru teknir þeir er eigi gegna atkvæðum vorrar tungu.“